



Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Flokkur: Vettvangsferðir

Ferð á listasafn

Hvað æfir aðferðin? Lýsingarorð, t.d. litina, stór, lítill, hægri, vinstri o.fl. Orðaforði yfir landslag og annað. Æfir líka tal (frásögn) og ritun að einhverju marki.

Stutt lýsing: Nemendur fara á listasafn og eiga að velja sér eitt listaverk til að lýsa fyrir hópnum. Flytja svo verkefnið í tímanum á eftir.

Fjöldi: 4-20

Nauðsynlegt efni eða aðstaða? Nemendur taki með sér blöð og penna/blýant á listasafnið.

Gæti verið sniðugt að nota myndavél og gera powerpoint sýningu en það er þó ekki nauðsynlegt.

Nákvæm lýsing Farið er á listasýningu, helst þar sem verið er að sýna málverk og það hentar mjög vel ef það eru klassísk olíuverk eða vatnslitamyndir, t.d. af landslagi eða fólki. Ferðin er undirbúin með því leggja inn dæmigerðan orðaforða um landslag og lýsingar. Ef um byrjendur er að ræða er lögð áhersla á að kenna litina í nefnifalli í öllum kynjum og einhver grunnorð, en fyrir lengra komna má fara í meiri orðaforða og jafnvel fallbeygja lýsingarorðin (ef um er að ræða stig 3-5). Sniðugt er að hafa jafnvel dæmigerða mynd af landslagi eða eitthvert þekkt íslenskt listaverk til að skoða og æfa sig á áður en farið er í ferðina. Þá má t.d. skipta nemendum í hópa og láta þá búa til lýsingu á myndinni. Leggið inn: *Hægra megin/vinstra megin á myndinni er...Fyrir ofan...fyrir neðan...undir...yfir...fyrir framan...* og svo auðvitað lýsingarorð til að tjá hrifningu: *Myndin er falleg/, stórkostleg, o.s.frv.* Hægt er einnig að útbúa gáttlista ef óskað er eftir að ákveðnar upplýsingar komi fram. T.d. *Hvaða mynd valdir þú? (Titill verks) Hver er listamaðurinn? Hvenær var myndin gerð? Hvað er á myndinni? Hvernig finnst þér hún? Af hverju valdir þú þessa mynd?*

Síðan má skipta nemendum í hópa eða pör til að vinna verkefnið saman. Einnig hægt að hafa þetta sem einstaklingsverkefni. Þegar komið er á listasafnið skoða nemendur sýninguna og velja sér svo eitt verk til að lýsa. Þeir punkta niður lýsinguna og hreinskrifa svo síðar. Eftir vettvangsferðina kynna nemendur fyrir hinum verkið sem þeir völdu. Hugsanlega taka þeir af því myndir og útbúa powerpoint sýningu ef möguleiki er á slíku.

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik? Við gerðum þetta í gamla daga í Sumarskólanum hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Þá var fastur punktur að fara einu sinni í heimsókn á Listasafn Íslands á yfirlitssýningu um íslenska myndlist. Kennararnir þar suðu saman verkefni í þessum dúr og það var einfaldlega frábærlega skemmtilegt.

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú? Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík

